

## Meðhöndlun stafrænna deiliskipulagsgagna - Leiðbeiningar fyrir skipulagshönnuði

**Til** : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Frá** : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Heiti** : Meðhöndlun stafrænna deiliskipulagsgagna - Leiðbeiningar fyrir skipulagshönnuði  
**Málsnúmer** : 2025020075  
**Málsaðili** : Skipulagsstofnun  
**Skráð dags** : 05.03.2025 10:18:00  
**Höfundur** : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Viðhengi** [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Góðan daginn,

Eins og flest ykkar vita tóku í gildi um áramótin ákvæði skipulagslaga um að vinna skuli deiliskipulag á stafrænu formi og skila þannig til Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun hefur unnið að innleiðingu stafræns deiliskipulags síðustu misseri, meðal annars með gerð [gagnalýsingar](#) og [leiðbeininga](#) auk funda um innleiðingu og innihald gagna.

Nú má einnig nálgast [leiðbeiningar um meðhöndlun stafrænna landupplýsingagagna á vefnum](#), þar sem gefin eru dæmi um verklag sem nota má til að útbúa skipulagsgögn í samræmi við gagnalýsingu um stafrænt deiliskipulag, hvernig sækja má hugbúnað og gögn, undirbúa og færa yfir í sniðmát. Hverju skrefi fylgir stutt myndband til útskýringar. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar þeim sem koma að gerð stafræns deiliskipulags og má gjarnan benda ykkar ráðgjöfum á þær.

Á [Stafrænt skipulag og landupplýsingar](#) má nálgast vefsjár og landupplýsingagögn tengd stafrænu skipulagi ásamt öðrum landupplýsingagögnum sem Skipulagsstofnun heldur utan um.

Athugasemdir og ábendingar má senda á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

Kveðja,  
Starfsfólk Skipulagsstofnunar

---

Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[Ester.Armannsdottir@skipulag.is](mailto:Ester.Armannsdottir@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

